



## Reglur um snjómokstur og hálfkuvarnir á götum og gangstéttum á Blönduósi

### Forgangur 1 - Aðalleiðir

**Virkir dagar:** Sé veðurútlit gott að morgni eru allar götur ruddar. Stefnt skal að því að snjómokstur hefjist það tímalega að morgni að allar aðalleiðir séu orðnar opnar fyrir kl. 8:00. Ef veðurhorfur eru slæmar verður einungis mokað á aðalleiðum, og þeim haldið opnum fram eftir degi í samráði við Tæknideild, þó ekki lengur en til kl. 21:00

Aðalleiðir eru þessar: Norðurlandsvegur, Hólabraut, Melabraut frá Húnabraut að Hólabraut, Húnabraut, Ægisbraut, Mýrabraut frá Þverbraut að Ennisbraut, Ennisbraut frá Húnabraut að Mýrabraut, Skúlabraut frá Mýrabraut að Skúlabraut 22, Þverbraut, Árbraut frá Þverbraut að Kvennaskóla, Hnjúkabyggð, Aðalgata (sneiðingur ekki mokaður nema hægt sé að ýta út), Þingbraut og Flúðabakki auk aðkomu að Brautarhvammi.

Stefnt er að því að plön við grunnskóla og leikskóla séu opnuð fyrir kl. 8:00.

**Laugardagar:** Einungis aðalleiðir ruddar nema sérsök ástæða sé til annars, og þá í samráði við Tæknideild.

**Sunnudagar:** Sama og á laugardögum.

Í hálfkuvarnir skulu götur, plön, stígar og gangstéttir sandaðir eftir þörfum.

### Forgangur 2

Mokstur á öðrum götum hefst að loknum mokstri í forgangi 1. Mokað skal að heimilum fatlaðra samkvæmt samkvæmt útgefnum nafnalista.

### Forgangur 3.

Stefnt er að því að halda opnum eftirtöldum gönguleiðum: Frá grunnskóla á Húnabraut og Tónlistarskóla, Melabraut, Holtabraut, að Flúðarbakka og gögnuleið frá HSB að Flúðarbakka 1, Frá bæjarskrifstofu og leiðina upp á Brekku. Í framhaldi af því er miðað við að halda opinni gönguleið öðru megin þar sem gönguleiðir eru báðum megin við götur.

Blönduós bær greiðir ekki kostnað vegna snjómoksturs sem til hefur verið stofnað án samþykkis þar til bærra aðila. Komi beiðni um snjómokstur frá lögreglu, slökkviliði, læknum eða sjúkraflutningamönnum vegna neyðartilvika skal því strax sinnt. Framantöldum er heimilt að kalla út tæki til snjómoksturs í neyðartilvikum.

Heimilt er að fresta snjómokstri, í samráði við Tæknideild, sé veður mjög óhagstætt. Snjómokstur sem ekki er tilgreindur í reglum hér að framan, skal unninn í fullu samráði við Tæknideild.

### Utan þéttbýlis

Vegagerðin er veghaldari utan þéttbýlis. Tæknideild skal hafa samband við Vegagerðina þegar ástæða er til vegna snjómoksturs utan þéttbýlis. Haft er samráð við Svf. Skagabyggð vegna moksturs á Mýrarvegi.